

Alþingi
nefndasvið
Austurstræti 8 - 10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 18. desember 2014

Efni: Tillaga til þingsályktunar um stofnun áburðarverksmiðju

Þingsályktunartillagan var send Bændasamtökum Íslands til umsagnar með tölvubréfi frá nefndasviði Alþingis, dags. 28. nóvember 2014.

Samkvæmt tillögunni er gert ráð fyrir að gerð verði hagkvæmniathugun á því að reisa áburðarverksmiðju í Helguvík eða í Þorlákshöfn. Bændasamtök Íslands eru fylgjandi því að tillagan verði samþykkt og að möguleikar því að reisa áburðarverksmiðju verði skoðaðir. Búnaðarþing fjallaði síðast árið 2009 um hversu brýnt er að fæðuöryggi þjóðarinnar sé tryggt og um það er reglulega fjallað á vettvangi samtakanna og aðildarféлага þeirra. Stofnun áburðarverksmiðju myndi styðja mjög við fæðuöryggi hér á landi.

Virðingarfyllst
f.h. Bændasamtaka Íslands

Elías Blöndal Guðjónsson